

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 2. ágúst 1918 til að öðlast gildi 5. janúar 1918, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 2. janúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Gjaldskrá

5
3. jan.

fyrir sorphreinsun og sölernahreinsun í Reykjavík.

1. gr.

Frá 1. janúar 1919 sjer bæjarstjórnin um alla sorphreinsun og salernahreinsun á kaupstaðarlóðinni, og lætur framkvæma hreinsunina á kostnað bæjarsjóðs.

Hvert salerni, sem utangengt er í verður hreinsað einusinni í viku og sorp verður flutt frá hverju húsi einusinni í viku.

2. gr.

Húseigendur greiða árlega í bæjarsjóð hreinsunargjald $3\frac{0}{100}$ af virðingarverði húsa til brunabóta. eins og það er 1. janúar ár hvert, en af virðingarverði þeirra húsa, sem virt eru eftir 1. janúar 1917 skal þó að eins telja gjaldið af $70\frac{0}{100}$ virðingarverðsins. — Engan sjer-stakan skatt skal greiða fyrir vatnssalerni.

3. gr.

Ef hreinsa þarf oftar en einusinni í viku greiði húseigandi kostnaðinn við aukahreinsun eftir reikningi.

5

3. jan.

Borgarstjóri getur veitt undanþágu frá hreinsun og gjaldskyldu fyrir hús, sem standa í túni, enda hreinsi eigendur sjálfir á sinn kostnað, nægilega oft að dómi heilbrigðisfulltrúa. —

5. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. falla í gjalddaga 1. apríl og 1. október ár hvert, en gjöld samkvæmt 3. gr. falla í gjalddaga jafnskjótt og hreinsun er lokið.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðs.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 42, 11. júlí 1911, til að öðlast gildi 5. janúar 1919.

I. stjórnarráði Íslands, 3. jan. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

6

4. jan.

Reglugjörð

um notkun og meðferð rafmagns í Vík í Mýrdal.

1. gr.

Rafmagnsstöðin í Vík selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem rafmagnstaugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má rafmagnsnefnd með ráði stöðvarstjóra selja til annara afnota rafmagn það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar góðan rekstur stöðvarinnar til ljósa.

Einnig getur rafmagnsnefnd með ráði stöðvarstjóra leyft, að rafmagnið sje notað til annars en ljósa þann tíma dags eða árs, sem það er eigi notað til ljósa.